

AUGLÝSING

um

59

26. ágúst

Samkomulag

milli Íslands og Danmerkur um ívilnun í tekju- og eignarskatti til ríkisins handa þeim mönnum, sem greiða eiga skatt samtímis á báðum stöðum.

Overenskomst

mellem den danske og den islandske Regering angaaende Lempelse i Beskatningen af Indkomst og Formue til Staten i Tilfælde af Dobbeltbeskatning.

Samkvæmt ákvæðum bæði íslenskra og danskra skattalaga getur svo farið, að ríkisborgarar landa þessara verði að sæta skattaálagningu á atvinnu sína og eign í báðum ríkjum, þannig að þeir verði að svara skatti af sömu tekjum og sömu eignum að einhverju leyti eða öllu í báðum löndum samtímis, annaðhvort vegna þess, að sami skattþegn telst eiga lögheimili bæði á Íslandi og í Danmörku, eða einkanlega vegna þess, að ríkisborgarar heimilisfastir í öðru landinu eiga fasteign í hinu eða reka atvinnu þar.

Til þess að draga úr ósanngirni þeirri, er slíkri tvísköttun fylgir, eru eftirfarandi ákvæði sett:

1. gr.

Nú er íslenskur ríkisborgari eða danskur skyldur að svara skatti bæði á Íslandi og í Danmörku af öllum eignum sínum og tekjum vegna þess að hann á lögheimili í báðum ríkjum, og getur hann þá krafist þess, að tekju- og eignar-

Efter Bestemmelserne saavel i den danske som i den islandske Skattelovgivning vil det kunne forekomme, at de nævnte Landes Statsborgere er undergivet Beskatning af Deres Indkomst og Formue i begge Riger, saaledes at samme Indkomst og samme Formuemasse er beskattet — helt eller delvis — for samme Tidsrum i begge Lande, enten fordi paagældende Skatteyder maa anses for at have fast Bopæl saavel i Danmark som i Island eller navnlig derved, at Statsborgere med Bopæl i det ene Land ejer fast Ejendom eller driver Erhvervsvirksomhed i det andet.

For at mildne den med saadan Dobbeltbeskatning forbundne Haardhed fastsættes herved følgende Regler:

§ 1.

I Tilfælde, hvor en dansk eller islandsk Statsborger som Følge af fast Bopæl saavel i Danmark som i Island er undergivet Beskatning af sin fulde Indkomst og Formue i begge Riger, kan han forlange, at den ham i hvert af Rigerne paa-

59 skattur sá, er honum er gert að stgreiða í hvoru landinu fyrir sig, verði færður niður um helming, þó svo að niðurfærslan í landinu, þar sem hærri skattinn skal greiða, nemi ekki meiru en allur sá skattur, er hann hefir greitt í hinu landinu, eins og hann verður eftir niðurfærslu þá, sem hjer segir.

2. gr.

Nú á íslenskur ríkisborgari eða danskur, sem á lögheimili í öðru ríkjanna, fasteign í hinu eða rekur þar atvinnu og er því skyldur að greiða skatt af eign og atvinnu í báðum löndum, og skal þá því ríkinnu, þar sem eignin er eða atvinnan er rekin, vera heimilt að heimta að fullu þann skatt, sem þar hefir verið á aðilja lagður. En í heimalandi aðilja skal færa niður þann skatt, sem honum er gert að greiða þar, enda skal niðurfærslan venjulega svara til skatts þess, sem aðili hefir greitt af eign sinni og tekjum í hinu landinu, en má þó aldrei nema meiru en helmingi af skatti þeim, er honum var gert að greiða í heimalandinu.

3. gr.

Ef danskur ríkisborgari, sem skattskyldur er orðinn á Íslandi vegna búsetu þar, flyst þaðan búferlum, þá er skattskyldu hans þar lokið að liðnu því skattmissiri, er hann fluttist brott.

Með samsvarandi hætti lýkur skattskyldu íslensks ríkisborgara,

lignede Indkomst- og Formueskat til vedkommende Stat nedsættes til Halvdelen, dog at Nedsættelsen i det Land, hvor Skatten er størst, ikke kan overstige det fulde Beløb af den af ham i den anden Stat betalte Skat, saaledes som denne bliver efter her omhandlede Nedsættelse.

§ 2.

I Tilfælde, hvor en dansk eller islandsk Statsborger med fast Bopæl i det ene af Rigerne ejer fast Ejendom eller driver Erhvervsvirksomhed i det andet og følgelig er undergivet Beskatning af Indkomst og Formue i begge Lande, skal den Stat, hvor Ejendommen er beliggende, eller Virksomheden drives, bevare Ret til fuldt ud at opkræve den der paalignede Skat, medens der i det Land, hvor den paagældende har fast Bopæl, skal gives ham en Nedsættelse i den ham der paalignede Skat. Denne nedsættelse skal ordentligvis svare til den i det andet Land af paagældende Indkomst- eller Formueandel betalte Skat, men kan dog ikke overstige Halvdelen af den ham i Bopælslandet paalignede Skat.

§ 3.

Naar en dansk Statsborger, der som Følge af fast Bopæl i Island er bleven skattepligtig til den islandske Stat, opgiver sin faste Bopæl der i Landet, ophører hans Skattepligt med Udløbet af det Skattehalvaar, i hvilket Bortflytningen finder Sted.

er átt hefir lögheimili í Danmörku, en sleppir því, til danska ríkisins.

4. gr.

Nú dvelst íslenskur ríkisborgari eða danskur, sem lögheimili á í heimalandi sínu, um stundarsakir í hinu landinu til náms eða til að frama sig að öðru leyti í sjergrein sinni eða list, enda sje því ekki samfara atvinnustarfsemi, og verður hann þá ekki skattskyldur fyrr en eftir eins árs dvöl, þannig að honum verður gert að greiða þar skatt frá upphafi næsta skattmissiris að þeim fresti liðnum.

5. gr.

Sækja skal um ívilnanir þær, er í samkomulagi þessu greinir, beint til æðstu stjórnarvalda viðkomandi lands, þeirra er með skattmál fara án þess að íhlutun fyrirsvarsmanna annars ríkisins í hinu komi til — í Danmörku til skattmáladeildar fjármálaráðuneytisins og á Íslandi til fjármálaráðuneytisins þar.

Stjórnarvöld þessi úrskurða mál þessi þá er nægar sönnur liggja fyrir þeim um það, að skattur hafi verið á aðilja endanlega lagður og að hann hafi verið greiddur, og verða úrskurðir þessir ekki bornir undir dómstóla.

6. gr.

Ákvæði samkomulags þessa taka fyrst til greiddra skatta, er lagðir hafa verið á fyrir skattaárið 1926/27 og gilda fyrst um sinn 5 skatt-

Paa tilsvarende Maade bortfalder Skattepligten til den danske Stat for en islandsk Statsborger, der har haft fast Bopæl i Danmark, men atter opgiver sin Bopæl der.

§ 4.

Naar en dansk eller islandsk Statsborger med Bevarelse af sin Bopæl i Hjemlandet tager midlertidigt Ophold i det andet Land af Helbredshensyn, i Studieøjemed eller af Hensyn til anden faglig eller kunstnerisk Uddannelse, hvormed ikke er forbunden Udøvelse af Næringsvirksomhed, indtræder Skattepligten først efter 1 Aars Ophold, saaledes at Skatteansættelse der finder Sted fra Begyndelsen af det paafølgende Skattehalvaar.

§ 5.

De i nærværende Overenskomst omhandlede Nedsættelser gives efter Ansøgning direkte til vedkommende Lands centrale Skattemyndighed uden diplomatisk Mellemskomst, for Danmarks Vedkommende Skattedepartementet i København, for Islands Vedkommende Finansministeriet i Reykjavik.

Disse Myndigheder træffer deres Afgørelse efter stedfunden behørig Dokumentation for de endelig paalignede og betalte Skattebeløb, deres Afgørelse er endelig og kan ikke undergives Domstolenes Prøvelse.

§ 6.

Nærværende Overenskomst finder første Gang Anvendelse med Hensyn til den for Skatteaaret 1926/27 paalignede og betalte Skat

59 ár, að skattárinu 1930/1931 með
26. ágúst töldu.

Þessu til staðfestu hafa undirrit-
aðir, að þar til fengnu konunglegu
umboði, undirritað samkomulag
þetta og sett við innsigli sín.

og gælder foreløbig for 5 Skatte-
aar til og med Skatteaaret 1930/
1931.

Til Bekræftelse heraf har Un-
dertegnede, efter dertil meddelt
kongelig Bemyndigelse, underskre-
vet nærværende Overenskomst og
forsynet den med deres Segl.

Gert í tveim eintökum í
Kaupmannahöfn, þ. 11. ágúst 1927.

Udfærdiget in duplo i
Köbenhavn, den 11. August 1927.

Sveinn Björnsson.

Statsministeriet
Th. Madsen-Mygdal.

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.
Forsætisráðherrann, 26. ágúst 1927.

Jón Þorláksson.

60

27. ágúst

TILSKIPUN

um

stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors
(Thorlákssjóðs).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og
Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi,
Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldenborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 6. gr. laga nr. 17, 3. okt. 1903,
um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, viljum Vjer
gjöra svofelda breytingu á tilskipun nr. 12, 23. ágúst 1904, að
því er snertir gjafasjóð Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors, að
honum verði stjórnað eins og hjer segir:

1. gr.

Í stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thor-
kiliisjóðs) eiga sæti 3 menn, sem dóms- og kenslumálaráðherra skip-
ar. Skal einn þeirra vera æðsti yfirmaður Oddfellowreglunnar á Ís-
landi og annar Oddfellow, sem hann nefnir til og ráðherra samþykk-
ir, en hinn þriðja velur ráðherra.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að setja stjórn sjóðsins þær reglur, er
þurfa þykir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. ágúst 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.